



# Málnotkun fjöltyngdra nemenda og tengsl við mat þeirra á eigin íslenskufærni

Auður Pálsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Örn Þór Karlsson

► Abstract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Markmið rannsóknarinnar voru að afla upplýsinga um hvernig fjöltyngdir nemendur í 6.–10. bekk Fellaskóla nota íslensku, ensku og móðurmál, hvernig þau meta færni sína í tungumálunum og hvort tengsl séu á milli málnotkunar og mats þeirra á íslenskufærni sinni. Hvatinn að rannsókninni var að afla upplýsinga svo skipuleggja megi markvissari kennslu og stuðning við fjöltyngda nemendur skólans til eflingar læsifærni þeirra í íslensku. Tekin voru einstaklingsviðtöl við 78 fjöltyngda nemendur vorið 2022 en það voru 54% af fjöltyngdum nemendum í 6.–10. bekk skólans og um 43% af heildarfjölda nemenda þessara árganga. Helstu niðurstöður eru að íslenska var megintungumálið sem notað var í kennslustundum, en nemendur notuðu bæði íslensku og ensku í frímínútum og aðallega ensku við lestur á netinu. Tæpur helmingur nemenda *las* fimm sinnum eða oftár heima á viku og ríflegur helmingur á íslensku. Rétt um 85% nemenda fannst mikilvægt eða mjög mikilvægt að læra íslensku, 82% ensku og 73% móðurmál. Langflest töldu sig *skilja* (81%), *tala* (77%), *lesa* (73%) og *skrifa* (77%) ensku vel eða mjög vel, en lægra hlutfall taldi sig *skilja* (69%), *tala* (63%), *lesa* (69%) og *skrifa* (60%) íslensku vel eða mjög vel. Þau sem *töluðu* íslensku heima mátu sig marktækt með meiri skilning á íslensku en hin. Þau sem *lásu* á íslensku heima mátu færni sína í að skrifa íslensku marktækt betur en hin. Því oftár sem nemendur *lásu* heima því betur mátu þau færni sína í að *tala* íslensku. Hagnýting niðurstaðna er tvíþætt. Annars vegar að auka þurfi heimalestur og hann fari fram á íslensku. Hins vegar að mat fjöltyngdu nemendanna á íslenskufærni sinni er líklega ofmat. Því er áriðandi að virða rétt nemenda á raunsærri endurgjöf um stöðu sína og framfarir í náminu og skipuleggja kennsluna í ljósi þarfa hvers og eins.

**Efnisorð:** læsi, málnotkun, heimalestur, fjöltyngdir nemendur, skólaþróun, íslenska sem annað mál

## Inngangur

Grunnskólanemum með erlend móðurmál hefur fjölgað mikið í íslenskum skólum á síðastliðnum árum. Árið 2000 voru nemendur í þessum hópi tæp 2%, eða 1.039 nemendur af 43.644 nemendum. Árið 2010 var hlutfallið 5% og árið 2023 hafði það hækkað í 15%, en þá voru þau 7.126 talsins, sem þýðir sjöföldun frá aldamótum. Frá aldamótum hefur heildarfjöldi nemenda í íslenskum grunnskólum aukist um 3.863 nemendur, það er úr 43.644 nemendum árið 2000 upp í 47.507 árið 2023 (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Í gögnum Hagstofu Íslands er með móðurmáli átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Þegar grunnskólanemendur með erlend móðurmál taka upp tungumál samfélagsins, í þessu tilviki íslenskuna, verður samfélagsmálið annað tungumál þeirra.

Um síðustu aldamót voru stofnaðar móttökudeildir í völdum grunnskólum með það að markmiði að auðvelda aðlögun nemenda sem voru nýflutt til landsins að skólasamfélaginu, og þá sérstaklega að gefa þeim ákveðinn grunn í íslensku. Í móttökudeildum varð til sérþekking og reynsla í kennslu íslensku sem annars máls (Anna Guðrún Júlíusdóttir og Sigríður Ólafsdóttir, 2004). Árið 2006 voru þessar móttökudeildir lagðar af en í stað þeirra áttu skólar að fá aukið fjármagn til að koma til móts við þennan nemendahóp í anda stefnu um skóla án aðgreiningar, þá sérstaklega í lestri og íslensku (Guðlaug Ólafsdóttir o.fl., 2012).

Rannsóknir gefa ástæðu til að ætla að betur þurfi að styðja nemendur innan grunnskólanna sem eru af erlendum uppruna (hér kallaðir fjöltyngdir nemendur) því rannsóknir sýna verulegan mun á íslenskufærni þeirra og jafnaldrar sem eru með íslensku að móðurmáli, mun sem helst yfir öll grunnskólaárin (Elín Þöll Þórðardóttir, 2021; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Niðurstöður PISA-könnunarinnar eru samhljóma en þessari alþjóðlegu könnun er ætlað að varpa ljósi á hversu vel 15 ára nemendur hafa tileinkað sér þekkingu og færni sem þau þurfa á að halda fyrir áframhaldandi nám og störf í nútímasamfélagi (Guðmundur Bjarki Þorgrímsson, 2023). Árið 2018 var hlutfall meðal fyrstu kynslóðar innflytjenda sem náðu ekki lágmarksviðmiðum í lesskilningi 51% á Íslandi en var orðið 69% árið 2022. Þá hefur hlutfall annarrar kynslóðar innflytjenda undir lágmarksviðmiðum einnig hækkað hér á landi, var 51% árið 2018 en 54% árið 2022. Það hlutfall var mun hærra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum, en næst okkur var hlutfallið 39% í Finnlandi, og lægst 34% í Noregi og Svíþjóð (Sigríður Ólafsdóttir, 2023). Staðan er sérstaklega alvarleg varðandi ungmenni sem hafa búið á Íslandi alla sína ævi, en mikill meirihluti hefur dvalið í leikskóla frá ungum aldri og öll hafa þau gengið í íslenska grunnskóla í 10 ár. Varla er hægt að gera ráð fyrir að framhaldsskólinn geti staðið sig betur en grunnskólinn og sérstaklega eftir að hann var stytur úr fjórum árum í þrjú ár (Tinna Laufey Ásgeirsdóttir o.fl., 2022). Því er nauðsynlegt að líta um öxl og skoða hvernig hægt er að styðja fjöltyngda nemendur á árangursríkari hátt til námsárangurs.

Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum í lesskilningi á PISA eiga erfitt með að nýta sér lestur til þekkingarauka, sem nám í öllum námsgreinum og á öllum skólastigum felur í sér. Skilningur á lesnu efni næst best þegar nemendur ræða saman og skrifa um það sem þau lesa (Lawrence o.fl., 2016). Því gefur augaleið að það er á ábyrgð skólans og hlutverk hans að tryggja að öll börn og ungmenni taki reglulegum framförum í íslensku, að þau skilji, tali, lesi og skrifi á íslensku með sífellt meiri færni eftir því sem á grunnskólagönguna líður. Ábyrgð skólans er jafnvel meiri fyrir nemendur sem þróa færni sína í íslensku að mestu eða öllu leyti í skólastarfi en nota annað eða önnur tungumál utan skólans.

Grunnskólinn Fellaskóli er staðsettur í Fellahverfi í Breiðholti og eru nemendur í skólanum um þrjú hundruð og fimmtíu talsins. Ríkur hluti þessara nemenda getur rakið uppruna sinn út fyrir landsteina Íslands, en skólaárið 2009–2010 voru 44% nemenda við skólann af erlendum uppruna og veturinn 2021–2022 var hlutfallið rétt rúm 80%. Skólinn er stoltur af uppruna nemenda sinna og er auðvelt að finna þær vísbendingar þegar gengið er um skólann því þar eru fjölbreytt listaverk sem endurspeglar fjölbreyttan bakgrunn nemenda.

Þróunar- og samstarfsverkefnið Draumaskólinn Fellaskóli var skilgreint haustið 2020 til fimm ára sem samstarf Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Fellaskóla og fleira aðila. Markmið þess er að gefa nemendum tækifæri til að efla námsárangur sinn með þrjá skilgreinda áherslupætti; innleiðingu leiðsagnarnáms, eflingu máls og læsis, tónlist og skapandi skólastarf. Að auki á þróunarverkefnið að styrkja stoðir nemenda í nærsamfélaginu með virkara samstarfi milli leik- og tónlistarskóla í hverfinu.

Markmið rannsóknarinnar voru að afla upplýsinga um hvernig fjöltyngdir nemendur í 6.–10. bekk Fellaskóla nota íslensku, ensku og móðurmál, hvernig þau meta færni sína í tungumálunum og hvort tengsl séu á milli málnotkunar og mats þeirra á íslenskufærni sinni. Hér er sjónum beint að íslenskufærni nemendanna í ljósi þess að málnotkun er algjörlega samofin skólastarfi (Grøver o.fl., 2019) og fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að færni í tungumáli skólans liggur til grundvallar námsgengi á öllum sviðum og öllum skólastigum (Grøver o.fl., 2019; Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016;

Lawrence o.fl., 2016; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016; Uccelli, 2019). Hvatinn að rannsókninni var að afla upplýsinga svo skipuleggja megi markvissari kennslu og stuðning sem nemendum er veittur í skólanum til að þau nái að efla læsisfærni sína í íslensku.

## Fræðileg umfjöllun

### Móðurmál og íslenskufærni fjöltyngdra nemenda

Hugtakið móðurmál er notað um fyrsta tungumál barna og það tungumál sem foreldrar þeirra tala (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020). Börn geta haft fleiri en eitt móðurmál og sum eiga svo þriðja tungumálið sem skólamál. Tvítyngd börn og ungmenni nota og kunna í mismiklum mæli tvö tungumál og fjöltyngd eru þau sem beita að einhverju leyti fleiri en tveimur tungumálum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020; Proctor og Zhang-Wu, 2019). Í þessari grein er fjallað um fjöltyngd börn sem nota íslensku í skólanum, en annað tungumál með fjölskyldu sinni og svo er enska að jafnaði þriðja tungumálið. Hjá slíkum nemendahópum dreifist færnin gjarnan á tungumálin svo hættu er á að færni í hverju tungumáli verði minni en hjá nemendum sem aðeins nota eitt tungumál (Oller o.fl., 2007). Þó ber að geta að færni í móðurmáli eða móðurmálum verður með tímanum minni en færni í tungumálinu sem notað er í skólanum. Það stafar af því að málfærni fer fyrst og fremst eftir því hversu mikið einstaklingurinn notar hvert tungumál (Rutherford-Quach og Hakuta, 2019) og málnotkun í námi er miklu innihaldsríkari og fjölbreytilegri en málnotkun utan skólans með fjölskyldu og vinum (Grøver o.fl., 2019). Til dæmis einkennast textar í ýmsum námsgreinum af námstengdu tungumáli, það er námsorðaförða, fjölbreytilegri málfræði og setningagerð (Uccelli, 2019).

Lesskilningur gegnir veigamiklu hlutverki í námi en lesskilningur byggist í meginatriðum á tvenns konar færni, það er umskráningu og málskilningi (Hoover og Gough, 1990). Umskráning er tæknilegur hluti lestursins, að þekkja bókstafina og hljóð þeirra, og ná þannig að lesa úr bókstöfum orð og setningar. Tæknilegur lestur krefst stöðugrar þjálfunar en lögd er áhersla á að börn séu búin að ná þessari færni og komin með góða lesfimi við 9 ára aldur. Góð lesfimi felur í sér áreynslulausan lestur bókstafa en til að viðhalda lesfimi er nauðsynlegt að lesa reglulega. Hinn meginþáttur lesskilnings er málskilningur sem felur í sér, eins og nafnið gefur til kynna, skilning á tungumálinu, á einstökum orðum í margs konar myndum, ýmiss konar setningagerð og skilning á löngum og stuttum textum af ýmsu tagi um þekkt og framandi efni (OECD, 2019; Uccelli, 2019). Læsi felur síðan í sér hvort tveggja í senn, lesskilning og færni í að koma frá sér hugsun sinni og þekkingu í rituðu máli (Baldur Sigurðsson, e.d.; Roessingh og Douglas, 2013; Roessingh o.fl., 2016). Allir þættir læsisþróunar mótast og eflast í gegnum málörvun og málnotkun frá ungum aldri, auk ríkulegra tækifæra til að eiga í gagnkvæmum samræðum um margvísleg málefni, að iðka lestur og síðast en ekki síst tíða og reglulega þjálfun í að skrifa um það sem tekist er við í náminu (Grøver o.fl., 2019). Af þessu má sjá að tungumál skólans er alltumlykjandi í námi nemenda, þau þurfa að skilja, tala, lesa og skrifa með síaukinni færni (Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016; Lawrence o.fl., 2016; Sigríður Ólafsdóttir, 2015; Uccelli, 2019).

Svo virðist vera að skólastarf hér á landi nýtist fjöltyngdum börnum og ungmönnum ekki nógu vel. Strax í leikskóla virðist þessi barnahópur ekki fá nægilegan stuðning til að taka þátt í hinum ýmsu viðfangsefnum með jafnöldrum (Sigríður Ólafsdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir, 2022) og þessi leikskólahópur nær almennt ekki góðum tókum á íslensku (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022). Þegar í grunnskólann er komið dragast mörg þeirra sífellt aftur úr jafnöldrum með hverju árinu sem líður (Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Elín Þöll Þórðardóttir (2021, 2022) beindi sjónum sínum að málfærni fjöltyngdra unglinga á Íslandi í samburði við jafnaldra þeirra með íslensku sem móðurmál. Ungmennin voru prófuð í íslensku og ensku og einnig voru þau beðin um að meta færni sína í báðum málunum. Fjöltyngdu nemendurnir voru líka beðin um að meta færni sína í móðurmálinu, sem var í flestum tilfellum þriðja tungumálið. Rannsóknin sýndi að mikill munur var á milli hópanna í íslenskuprófunum þannig að þau sem

höfðu íslensku sem móðurmál skoruðu mun hærra en þau fjöltyngdu. Hóparnir tveir sýndu hins vegar svipaða getu í enskuprófum og voru langt frá því að vera jafnokar þeirra sem eiga ensku að móðurmáli. Mat unglínganna á íslensku- og enskufærni sinni var í góðu samræmi við niðurstöður prófanna. Að mati fjöltyngdu nemendanna var móðurmálsfærnin svipuð íslenskufærni þeirra. Af niðurstöðum má draga þá ályktun að fjöltyngdu nemendurnir hafi ekki haft góða færni í neinu þessara þriggja tungumála. Líklegt má telja að þátttakendur í rannsókn Elínar Þallar, með íslensku sem móðurmál og annað mál, hafi notað ensku á sambærilegan hátt sem endurspegladist í að enskufærni var sú sama hjá báðum hópum.

Ofangreindar niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að færni tví- og fjöltyngdra nemenda í hverju tungumáli mótast fyrst og fremst af því í hversu mikið hvert tungumál er notað og hvort það er innan eða utan skólaumhverfisins (Proctor og Zhang-Wu, 2019). Í þessu samhengi skiptir öllu máli að í skólastarfinu séu nemendur virkir þátttakendur, að þau skilji umfjöllun um viðfangsefni námsins við lestur og í umræðum og að þau geti rætt og skrifað um það sem þau fást við í náminu (Snow, 2019). Íslenskar rannsóknir benda til þess að efla þurfi málumhverfi fjöltyngdra barna og ungmenna á Íslandi og þá sérstaklega námsumhverfi þeirra í íslensku (Elín Þöll Þórðardóttir, 2022).

Nauðsynlegt er að kennarar hafi skýrar væntingar um framfarir nemenda í tungumáli skólans og geri nógu miklar kröfur til þeirra. Annars er hætta á að þau fái of einföld verkefni sem síðan veldur of hægum framförum þeirra í námi (Santoro, 2007; Stanovich, 2009). Hægar framfarir í grunnskólanámi geta haft þær afleiðingar að nemendur koma illa undirbúin inn í framhaldsskóla, sem hugsanlega er ein skýring á hversu hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna hættir í skóla eftir skyldunámið (Hagstofa Íslands, e.d.-a, 2020).

Spurningar til nemenda sem þreyta PISA-könnunina víða um heim hafa sýnt að nemendur af erlendum uppruna eru alls ekki með minni væntingar um langskólanám en innfæddir jafnaldrar (OECD, 2015). Rannsókn Evu Daggar Sigurðardóttur (2024) gaf til kynna að engu skipti hversu góða íslenskufærni unglíngar af erlendum uppruna hérlandis sögðust hafa; þau höfðu jafnmikla löngun til að ljúka háskólanámi. Hins vegar töldu þau sem mátu námslega íslenskufærni sína betri sig hafa raunhæfa möguleika á að ljúka háskólanámi. Þau sem sögðust hafa slaka íslenskufærni höfðu áhyggjur af framtíðinni og þeim möguleikum sem þeim stæðu til boða eftir að grunnskóla lyki.

## Árangursríkur stuðningur og öflugar kennsluáðferðir

Árið 2015 gaf OECD út skýrslu sem byggði á viðamikilli könnun á hvað einkenndi stuðning og kennsluhætti með börnum og ungmönnum af erlendum uppruna hjá þjóðum sem skarað höfðu fram úr hvað varðar frammistöðu þessara nemendahópa í PISA-könnunum. Í skýrslunni segir að grundvallaratriði sé að nemendur af erlendum uppruna séu ekki höfð aðskilin frá jafnöldrum sínum eða sett í stuðningshópa með börnum sem gengur illa í námi. Þá er mikilvægt að nemendur af erlendum uppruna dreifist á skóla þannig að hlutfall þeirra í einstökum skólum sé ekki of hátt. Í ljós kom að í skólum þar sem hlutfall nemenda af erlendum uppruna var hærra en 25% gekk nemendum marktækt verr á prófunum, sama hver þjóðfélags- eða efnahagsstaða þeirra var (OECD, 2015). Einnig mældist marktækur munur á þeim sem höfðu verið í leikskóla í viðkomandi landi og þeim sem ekki höfðu sótt leikskóla. Hér ber að hafa í huga að þrátt fyrir að meginþorri barna af erlendum uppruna byrji á ungum aldri í leikskóla hérlandis er árangurinn ekki samkvæmt því, þar sem þau læra að jafnaði litla íslensku yfir leikskólaárin (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022). Það er veruleg sérstaða á Íslandi hversu hátt hlutfall ungra barna sækir leikskóla. Samkvæmt nýrri skýrslu OECD (2023) er innritunarhlutfall þriggja ára barna í leikskóla 97% á Íslandi en að meðaltali 73% í OECD-ríkjunum (Stjórnarráð Íslands, 2023).

Í skýrslu OECD (2015) er tekið fram að allra árangursríkast sé að gefa þessum barna- og ungmennahópum gæðamálörvun og -kennslu í tungumáli skólans um leið og þau koma inn í skólana og síðan gæðakennslu í öllum námsgreinum grunnskólans. Fjölmargar rannsóknir síðustu ára hafa

leitt ítrekað í ljós að málfærni eflist fyrst og fremst við markvissa málnotkun í skólastarfi, í öllum námsgreinum, þar sem allir færniþættir tungumáls skólans eru eflidir, það er hlustun, lestur, tal og ritun (Lawrence o.fl., 2016; Rutherford-Quach og Hakuta, 2019; Uccelli, 2019).

Markmið rannsóknarinnar voru að afla upplýsinga um hvernig fjöltyngdir nemendur í 6.–10. bekk Fellaskóla nota íslensku, ensku og móðurmál, hvernig þau meta færni sína í tungumálunum og hvort tengsl séu á milli málnotkunar og mats þeirra á íslenskufærni sinni. Til að leita svara við þessu voru mótaðar fimm rannsóknarspurningar:

1. Hvaða tungumál nota fjöltyngdir nemendur heima, í kennslustundum, frímínútum og við lestur á netinu (íslensku, ensku og móðurmálið)?
2. Á hvaða tungumáli fer heimalestur fjöltyngdra nemenda fram og hversu mikill er heimalesturinn?
3. Hversu mikilvægt finnst fjöltyngdum nemendum að læra íslensku, ensku og móðurmálið?
4. Hvernig meta fjöltyngdir nemendur færni sína í íslensku, ensku og móðurmálinu (*skilja, lesa, tala og skrifa*)?
5. Eru tengsl á milli málnotkunar og lestrariðkunar fjöltyngdra nemenda og mats þeirra á íslenskufærni sinni?

## Rannsóknaraðferð

### Þátttakendur

Í samráði við skólastjórnendur Fellaskóla var ákveðið að þátttakendur yrðu nemendur í 6.–10. bekk og eingöngu þau sem eiga íslensku sem annað tungumál, hér fjöltyngdir nemendur. Stjórnendur skilgreindu hópinn út frá upplýsingum sem þau höfðu um hvert og eitt barn.

Heildarfjöldi nemenda í 6.–10. bekk Fellaskóla var í janúar 2022 samtals 183 nemendur. Af þeim voru 79% fjöltyngd. Samtals fékkst samþykki frá forráðamönnum fyrir þátttöku 78 fjöltyngdra barna í rannsókninni sem öll tóku þátt, en það voru 54% fjöltyngdra nemenda í 6.–10. bekk Fellsaskóla. Best var þátttakan í 6. bekk (88%) en slökust var hún hjá nemendum í 9. bekk (25%).

Þátttakendur eiga foreldra með fjölbreyttan uppruna. Með markmið rannsóknarinnar í huga, siðferðileg sjónarmið og reglur um að nemendur verði ekki persónugreinanleg var hvorki kallað eftir upplýsingum um hvar foreldrar einstakra þátttakenda voru fædd né hvenær foreldrar eða börnin fluttu til landsins. Mörg þátttakenda eiga foreldra sem eru fædd hér á landi, en mörg eiga foreldra sem eru ekki af sama þjóðerni og jafnvel hvorugt foreldranna fætt hérlendis. Íslenska er því ekki móðurmál neins á heimili margra þátttakenda.

### Öflun og greining gagna

Gagnasöfnun byggðist á einstaklingsviðtölum þar sem aðstoðarkennari í skólanum sem nemendur þekkja, talaði við hvern nemanda í um það bil 10 mínútur (Örn Þór Karlsson, 2022). Reynt var að skapa þægilegt andrúmsloft eins og um spjall væri að ræða. Skráning upplýsinga fólst í að aðstoðarkennarinn merkti á tilbúið eyðublað með ákveðnum lykilsurningum sem börnin sáu ekki og því reyndi ekki á lesskilning þeirra. Eyðublaðið hafði áður verið forprófað með fjórum nemendum á sama aldri en í öðrum skóla. Einnig skráði aðstoðarkennarinn eigin nótur á eyðublað einstakra nemenda. Það voru bæði upplýsingar sem nemendur veittu óspurðir og upplýsingar sem komu fram í samtalinu þeirra á milli. Gagnasöfnun byggðist þannig á svörum nemenda við spurningum sem settar voru fram á eyðublaðinu (málnotkun nemenda og mati þeirra á eigin færni) og mati aðstoðarkennara á hvernig ætti að skrá þau svör á eyðublaðið.

Eyðublaðið byggðist á tveimur rannsóknarspurningum og fjórum bakgrunnsbreytum sem skólinn valdi, það er árgangur, kyn, hvaða tungumál nemandi taldi sig kunna og hvaða tungumál nemandinn notaði aðallega heima. Síðan komu 25 fjölvalsspurningar sem rannsakandi merkti við eftir frásögn hvers nemanda. Í þessari rannsókn var unnið með svör við spurningum er varða málnotkun heima og í skólanum, heimalestur og hvernig nemendur mátu færni sína í íslensku, ensku og móðurmáli. Hér er ekki fjallað um mun á milli kynja, eftirfylgni með heimalestri eða hvort þeim fyndist gaman að lesa. Reynt var að umörða ekki spurningar svo fyllsta samræmis væri gætt. Unnið var úr niðurstöðum á meginlegan hátt, reiknuð meðaltöl, staðalfrávik ásamt marktækni.

Vísindasiðanefnd háskólanna gerði engar athugasemdir við rannsóknina og í kjölfarið fékkst leyfi fyrir henni hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Rannsóknin var hluti af innra mati Fella-skóla. Að fengnu undirrituðu leyfi hjá forráðamönnum fór gagnasöfnun fram í febrúar 2022 (Örn Þór Karlsson, 2022).

Greining gagnanna byggðist á að öll svör voru skráð í Excel-skjal sem hannað var út frá spurningunum og svarmöguleikum þeirra. Til að kanna marktækni á tengslum milli breyta var tvenns konar hugbúnaður notaður, það er R Studio og Jamovi.

Byggt var á eigin mati þátttakenda á færni þeirra í íslensku, ensku og móðurmálinu. Rannsóknir sem byggjast á sjálfsmati nemenda á eigin tungumálafærni hafa reynst gagnlegar vísbendingar um raunverulega færni þeirra (Papajoanu o.fl., 2021). Í rannsókn Martirosyan og félaga (2015) fannst marktækur munur á sjálfsmati nemenda á enskri tungumálafærni eftir árangri á prófum. Niðurstöður sýndu að þau sem mátu sig hæst í ensku voru nemendur sem sýndu bestan árangur á prófi eða töluðu að lágmarki þrjú tungumál. Í rannsókn Alavi og Akbarian (2008) var orðaforði nemenda skoðaður og benda niðurstöður til þess að þau sem þekktu aðallega algengustu orð tungumálsins hefðu frekar tilhneigingu til að ofmeta eigin þekkingu á orðaforða, en þau sem þekktu einnig sjaldgæfu orðin hefðu tilhneigingu til að vanmeta þekkingu sína á orðaforða. Niðurstöður Alavi og Akbarian (2008) gefa til kynna að nemendur með minni orðaforða hefðu minni þekkingu á því sem þau voru að gera, en sterkari nemendur væru frekar meðvituð um þekkingarskort sinn. Elín Þöll Þórðardóttir (2021) rannsakaði áhrif ensku og tungumálafærni íslenskra unglunga sem höfðu lært íslensku sem móðurmál eða sem annað mál. Hún bar saman sjálfsmat nemenda við niðurstöður prófa. Í ljós kom að mat unglunganna á íslensku- og enskufærni sinni var í góðu samræmi við niðurstöður prófanna. Með ofangreint í huga þótt gagnlegt að spyrja nemendur um mat á eigin færni í íslensku, ensku og móðurmáli.

## Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar í fimm hlutum eftir rannsóknarspurningunum.

### Tungumál notað heima, í frímínútum, kennslustundum og við leit á netinu

Fjöltyngdu nemendurnir voru spurðir hvaða tungumál þau kynnu. Þá voru þau spurð um hvaða tungumál þau *töluðu* aðallega heima hjá sér. Niðurstöður eru settar fram í *Töflu 1*.

## Tafla 1

*Tungumál sem fjöltyngdir þátttakendur sögðust kunna og aðallega tala heima*

	albanska	arabíska	danska	enska	filippíska	íslenska	kúrdíska	lettneska	litháíska	nepalska	pólska	portúgalska	rúmenska	rússneska	serbneska	slóvakíska	sómalska	spænska	tailenska	vietsneska	
6. bekkur	1	1		4		3			1	1	7			1				1	1		
7. bekkur	1	2		3	1	5		1			1										1
8. bekkur			1	5	2	6	1		1		8		2								
9. bekkur						1			1		1		1							3	
10. bekkur				1	2	2					1		1							2	
<b>SAMTALS</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>13</b>	<b>5</b>	<b>17</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>18</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>1</b>	

Eins og *Tafla 1* sýnir sögðu nokkur nemendanna að tungumál sem þau kynnu væri ekki það tungumál sem aðallega væri talað heima. Þetta á við serbnesku, slóvakísku og portúgölsku. Þá má sjá í *Töflu 1* að flest sögðust tala pólsku heima hjá sér, eða 18 nemendur, en næstflest sögðust tala íslensku (17 nemendur). Þriðja algengasta tungumálið talað heima var enska (13 nemendur). Af þessu má ráða að um 23% nemendanna, sem eiga ekki íslensku að móðurmáli, töluðu samt íslensku heima.

Þátttakendur voru spurð hvaða tungumál þau notuðu aðallega í frímínútum annars vegar og í kennslustundum hins vegar en í Fellaskóla er lögð mikil áhersla á íslenskunotkun í kennslustundum. Niðurstöður eru sundurgreindar eftir árgöngum í *Töflu 2* og á *Mynd 1* eru samtölur bornar saman eftir tungumálum sem aðallega eru notuð í frímínútum og kennslustundum.

## Tafla 2


*Tungumál sem fjöltyngdir nemendur sögðust aðallega tala í frímínútum og í kennslustundum eftir árgöngum.*

	Tungumál notað í frímínútum				Tungumál notað í kennslustundum			
	Íslenska	Enska	Móðurmál	Annað	Íslenska	Enska	Móðurmál	Annað
6. bekkur	11	10	0	0	19	2	0	0
7. bekkur	11	4	0	0	14	1	0	0
8. bekkur	12	13	1	0	21	4	1	0
9. bekkur	6	1	0	0	7	0	0	0
10. bekkur	4	5	0	0	9	0	0	0
<b>SAMTALS</b>	<b>44</b>	<b>33</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>70</b>	<b>7</b>	<b>1</b>	<b>0</b>

Ef litið er á hægri hluta *Töflu 2* má sjá að 90% þátttakenda (70 af 78) sögðust tala íslensku í kennslustundum. Aðeins einn nemandi sagðist aðallega tala móðurmál sitt í kennslustundum. Þá má sjá að 7 nemendur notuðu frekar ensku en við nánari rýni í gögnin kom í ljós að enska var ekki móðurmál þeirra. Þegar horft er á vinstri hluta *Töflu 2* má sjá að enskan virtist ráða ríkjum í frímínútum, en 42% (33 af 78) sögðust tala ensku frekar en íslensku þar. Samtölurnar úr *Töflu 2* eru kynntar á *Mynd 1*.

### Mynd 1

*Tungumál sem fjöltyngdir nemendur sögðust aðallega nota í frímínútum og kennslustundum (samþölur og hlutfall af heildarfjölda þátttakenda)*



Á *Mynd 1* má glögglega sjá að fjöltyngdu nemendurnir í Fellaskóla virðast aðallega hafa *talað* íslensku í kennslustundum en níu prósent sögðust aðallega tala ensku. Á hinn bóginn virðist hlutfall þeirra sem notuðu íslensku og ensku í frímínútum jafnara en í kennslustundum, þó aðeins fleiri hafi sagst aðallega nota íslensku.

Þá var lögð fram spurning um hvaða tungumál þátttakendur notuðu við *lestur* á netinu. Nokkur nefndu tvö tungumál. Í *Töflu 3* má sjá hlutfallslega skiptingu þátttakenda eftir árgöngum og tungumáli.

### Tafla 3

*Fjöldi þátttakenda eftir árgöngum og tungumálum sem þau sögðust nota við lestur á netinu.*

	Íslenska	Enska	Móðurmál	Annað
<b>6. bekkur</b>	4	14	3	0
<b>7. bekkur</b>	3	11	1	0
<b>8. bekkur</b>	3	22	1	0
<b>9. bekkur</b>	0	6	1	0
<b>10. bekkur</b>	0	8	1	0
<b>SAMTALS</b>	<b>10 (13%)</b>	<b>61 (78%)</b>	<b>7 (9%)</b>	<b>0</b>

Í *Töflu 3* má sjá að hlutfall nemenda sem sögðust nota ensku við lestur á netinu er langhæst, eða um 78%. Þá virðist notkun íslensku við lestur á neti hafa minnkað eftir því sem nemendur voru eldri en þó ber að hafa í huga hversu fáir þátttakendur voru í eldri árgöngum. Hlutfall nemenda sem sögðust nota móðurmálið við lestur á netinu var hæst í 6. bekk samkvæmt þessum niðurstöðum.

### Heimalestur – tungumál og tíðni

Nemendur allra árganga í Fellaskóla eiga að *lesa* heima daglega og fá þau að velja sér bæði lestrarefnið og á hvaða tungumáli þau lesa. Í *Töflu 4* má sjá tíðni sjálfvalins heimalesturs fjöltyngdra nemenda eftir árgöngum og á hvaða tungumáli var *lesid*.



Tafla 4

Tíðni sjálfvalins heimalesturs fjöltyngdra nemenda eftir árgöngum og á hvaða tungumáli var lesið

	Er lesið heima? (sjálfvalið efni)					Á hvaða tungumáli er lesið heima?			
	Á hverjum degi	5x í viku	2–3x í viku	1x í viku	Aldrei	Íslenska	Enska	Móðurmál	Annað
6. bekkur	3	9	5	4	0	16	3	2	0
7. bekkur	5	3	2	4	1	11	0	4	0
8. bekkur	3	7	14	2	0	14	10	2	0
9. bekkur	3	1	2	1	0	6	1	0	0
10. bekkur	2	1	5	1	0	4	3	2	0
<b>SAMTALS</b>	<b>16 (21%)</b>	<b>21 (27%)</b>	<b>28 (36%)</b>	<b>12 (15%)</b>	<b>1 (1%)</b>	<b>51 (65%)</b>	<b>17 (22%)</b>	<b>10 (13%)</b>	<b>0</b>

Í vinstri hluta *Töflu 4* má sjá að 83% nemenda sögðust *lesa* heima oft en einu sinni í viku (65 af 78). Þar af voru 57% (37 af 65) sem sögðust lesa fimm sinnum í viku eða oft.

Flest nemendanna, eða 65%, sögðust lesa heima á íslensku (51 af 78) en 22% nemenda (17 af 78) sögðust lesa heima á ensku og 13% á móðurmáli sínu (10 af 78). Í *Töflu 4* má einnig sjá að íslenska var ráðandi tungumál í heimalestri hjá 6., 7. og 8. bekk. Hjá nemendum í 9. og 10. bekk var þátttaka í rannsókninni lakari og því erfiðara að sjá afgerandi mynstur úr svörum þeirra. Þó eru vísbendingar um að fleiri hafi lesið heima á íslensku en á móðurmáli eða ensku.

### Mikilvægi þess að læra íslensku, ensku og móðurmálið

Svör þátttakenda um hversu mikilvægt þeim fyndist að læra íslensku, ensku og móðurmálið eru sett fram á í *Töflu 5* og á *Mynd 2*.

Tafla 5


Fjöldi fjöltyngdu þátttakendanna eftir því hversu mikilvægt þeim fannst að læra íslensku, ensku og móðurmál eftir árgöngum

		6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	SAMTALS
Hversu mikilvægt er að læra íslensku?	Mjög mikilvægt	7	3	10	3	4	27
	Mikilvægt	9	8	14	3	5	39
	Hvorki né	4	2	1	0	0	7
	Ekki mikilvægt	1	2	1	1	0	5
	Alls ekki mikilvægt	0	0	0	0	0	0
Hversu mikilvægt er að læra ensku?	Mjög mikilvægt	3	5	7	2	3	20
	Mikilvægt	13	8	13	4	6	44
	Hvorki né	5	2	6	0	0	13
	Ekki mikilvægt	0	0	0	0	0	0
	Alls ekki mikilvægt	0	0	0	1	0	1
Hversu mikilvægt er að læra móðurmálið?	Mjög mikilvægt	4	4	10	1	1	20
	Mikilvægt	10	9	9	3	6	37
	Hvorki né	6	1	3	3	2	15
	Ekki mikilvægt	1	1	3	0	0	5
	Alls ekki mikilvægt	0	0	1	0	0	1

Þegar horft er á *Töflu 5* má sjá að rétt um 85% þátttakenda sögðu að þeim þætti mikilvægt eða mjög mikilvægt að læra íslensku (66 af 78), 82% (64 af 78) ensku og 73% (57 af 78) móðurmálið. Samtölur úr *Töflu 5* má sjá myndrænt á *Mynd 2*.

## Mynd 2

Fjöldi fjöltyngdu þátttakendanna samtals eftir því hversu mikilvægt þeim fannst að læra íslensku, ensku og móðurmál



Þegar horft er á *Mynd 2* má sjá að miklum meirihluta fjöltyngdu nemendanna fannst mjög mikilvægt eða mikilvægt að læra öll þessi þrjú tungumál; íslensku (85%), ensku (82%) og móðurmálið (73%). Þá vakti athygli að 19% nemenda töldu hvorki mikilvægt né ekki mikilvægt að læra móðurmálið, 17% ensku og 9% íslensku.

Í nótum rannsakanda (aðstoðarkennarans) kom einnig fram að flestir þátttakendurnir töldu ástæðu þess að mikilvægara væri að læra íslensku en móðurmál vera að þau búa á Íslandi og því skipti móðurmálið minna máli. Þá komu líka fram vísbendingar í nótum rannsakanda að nemendur sem lásu og skrifuðu á móðurmáli sínu gerðu það gjarnan í trúarlegum tilgangi.

Mat nemenda á eigin færni í íslensku, ensku og móðurmálinu

Fjöltyngdu nemendurnir voru spurð hversu vel þau töldu sig *skilja*, *tala*, *lesa* og *skrifa* íslensku, ensku og móðurmálið. Í *Töflu 6* og á *Mynd 3* eru svör dregin saman eftir tungumálunum þremur.

## Tafla 6

Tíðni fjöltyngdu þátttakendanna eftir því hversu vel þau töldu sig *skilja*, *tala*, *lesa* og *skrifa* íslensku, ensku og móðurmálið


	ÍSLENSKA				ENSKA				MÓÐURMÁLIÐ			
	Alls ekki	Sæmilega	Vel	Mjög vel	Alls ekki	Sæmilega	Vel	Mjög vel	Alls ekki	Sæmilega	Vel	Mjög vel
Skil	1	23	45	9	5	10	28	35	5	10	25	38
Tala	0	29	46	3	4	14	39	21	8	21	21	28
Les	3	21	45	9	4	17	37	20	22	24	19	13
Skrifa	6	25	41	6	5	13	43	17	33	21	15	9

Úr *Töflu 6* má lesa að langflest nemenda töldu sig *skilja* (81%), *tala* (77%), *lesa* (73%) og *skrifa* (77%) ensku vel eða mjög vel. Hlutfall nemenda sem töldu sig *skilja* (69%), *tala* (63%), *lesa* (69%) og *skrifa* (60%) íslensku vel eða mjög vel var lægra en ensku. Hins vegar var hlutfall nemenda sem töldu sig *lesa* (41%) og *skrifa* (31%) móðurmálið vel eða mjög vel áberandi lægst, en þó taldi meira en helmingur þátttakenda sig *skilja* móðurmálið vel eða mjög vel (81%) og *tala* það vel eða mjög vel (63%). Þegar horft er á dálkinn með upplýsingum um íslensku má sjá að öll sögðust geta *talað* íslensku, en einn nemandi (1%) sagðist alls ekki *skilja* íslensku, þrír nemendur (4%) sögðust alls ekki geta *lesað* hana og sex (7%) alls ekki geta *skrifað* á íslensku.

Á Mynd 3 má sjá myndræna framsetningu á upplýsingunum úr Töflu 6.

### Mynd 3

Tíðni fjöltyngdu þátttakendanna eftir því hversu vel þau töldu sig skilja, tala, lesa og skrifa íslensku, ensku og móðurmálið



Á Mynd 3 vekur þrennt athygli. Í fyrsta lagi að hæstu súlurnar raðast hjá vel og sæmilega fyrir íslensku en vel og mjög vel fyrir ensku. Dreifing á svörum fyrir móðurmál er þannig að súlurnar hækka til hægri fyrir *skilning* en fara lækkandi til hægri fyrir færni í að *skrifa* móðurmálið. Í nótum rannsakanda kom fram að meginástæða þess að nemendur sögðust alls ekki geta lesið og skrifað á móðurmálinu var að þau tungumál byggjast á annars konar stafrófi en í íslensku og ensku.

### Tengsl málnotkunar og lestrariðkunar nemenda og mat þeirra á íslenskufærni sinni

Reiknað var *heildarmat* á íslenskufærni með því að reikna saman skorið sem nemendur gáfu sér. Minnst var hægt að fá 1 stig og mest 4 stig fyrir hvern færniþátt (*skilja*, *tala*, *lesa* og *skrifa*) og því minnst 4 stig og mest 16 stig á heildarmati. Könnuð voru ferns konar tengsl.

Í fyrsta lagi var kannað hvort munur væri á hvaða tungumál nemendur sögðust aðallega *tala* heima og hversu vel nemendur sögðust skilja, tala, lesa eða skrifa íslensku. Ákveðið var að skipta nemendum í tvo hópa eftir því hvaða tungumál væri aðallega talað heima: Hópur 1 = talaði íslensku heima (17 af 78) og hópur 0 = talaði annað tungumál en íslensku heima (61 af 78).

Þau sem *töluðu* íslensku heima virtust almennt meta íslenskufærni sína örlítið meiri þegar litið var á heildarmatið. Meðaltal á heildarmati þeirra sem töluðu íslensku heima var 11,2 ( $sf=1,81$ ) og þeirra sem töluðu annað tungumál heima var 10,74 ( $sf=2,14$ ). Dreifing heildarmats er meiri hjá þeim sem töluðu annað tungumál heima en ástæðan fyrir því gæti verið að sá hópur hefur fleiri þátttakendur.

Ákveðið var að framkvæma *t*-próf tveggja óháðra hópa til að skoða mun á heildarmati nemenda á íslenskufærni sinni út frá því hvaða tungumál var talað heima. Prófið reyndist ekki marktækt fyrir heildarmatið. Þó voru niðurstöður aðrar þegar hver færniþáttur var skoðaður sérstaklega. Þá kom fram marktækur munur á hversu vel nemendur sögðust skilja íslensku, þannig að þau sem töluðu íslensku heima mátu sig marktækt herra en hin  $t(76)=-2,38$ ,  $p=-0,02$ .

Í öðru lagi var kannað hvort munur væri á hvaða tungumál nemendur sögðust aðallega *tala* í frímínútum og þess hversu vel nemendur sögðust *skilja*, *tala*, *lesa* eða *skrifa* íslensku. Meðaltal heildarmats á íslenskufærni þeirra sem töluðu íslensku í frímínútum (44 af 78) var 11,95 ( $sf=1,96$ ) en 10,68 ( $sf=2,21$ )

fyrir þau sem töluðu annað tungumál (34 af 78). Munurinn var ekki marktækur og enga marktækni var heldur að finna þegar hver færniþáttur var skoðaður sérstaklega. Því er ekki hægt að fullyrða neitt um tengsl á milli þess hvaða tungumál nemendur notuðu í frímínútum og hvernig þau mátu íslenskufærni sína.

Í þriðja lagi var kannað hvort munur væri á hversu vel nemendur sögðust *skilja*, *lesa*, *tala* og *skrifa* íslensku eftir því á hvaða tungumáli þau sögðust *lesa* heima. Í ljós kom að meðaltal heildarmats á íslenskufærni þeirra sem sögðust lesa á íslensku heima (51 af 78) var 11,1 ( $sf=2,05$ ) en meðaltal heildarmats hjá þeim sem sögðust lesa á öðru tungumáli (27 af 78) var 10,3 ( $sf=2,04$ ). Samkvæmt því mátu þau sem lásu á íslensku heima sig með meiri íslenskufærni en dreifingin var nokkuð svipuð í báðum hópum. Ekki mældist marktækur munur á heildarmati hjá hópunum tveimur. Aftur á móti þegar skoðaður var hver færniþáttur fyrir sig kom fram marktækur yfirburður hjá þeim sem sögðust *lesa* á íslensku heima, þau mátu færni sína í að *skrifa* á íslensku meiri en hin, eða  $t(43,6)=-2,228$ ,  $p=0,031$  miðað við  $\alpha=0,05$ .

Í fjórða lagi var kannað hvort munur væri á hversu vel nemendur sögðust *skilja*, *tala*, *lesa* og *skrifa* íslensku og hversu oft þau sögðust *lesa* heima. Í ljós kom að nemendur mátu sig að jafnaði með meiri færni í öllum fjórum færniþáttunum því oftar sem þau sögðust *lesa* heima. Fyrir nánari rýni var þátt-takendum skipt í þrjá hópa. Niðurstöður má sjá í *Töflu 7*.

## Tafla 7

Mat nemenda á eigin færni í íslensku (*skilja*, *tala*, *lesa*, *skrifa*) eftir tíðni heimalesturs

	Tíðni heimalesturs	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
Hópur 1	0–1 x í viku	13	10,23	1,74
Hópur 2	2–4 x í viku	28	10,50	2,25
Hópur 3	5–7 x í viku	37	11,30	1,97

Í *Töflu 7* má sjá stígangandi í heildarmati eftir því hversu oft nemendur sögðust *lesa* heima. Gerð var dreifigreining (ANOVA) til að athuga hvort munur á meðaltölum heildarmats hópanna þriggja væri marktækur. Niðurstaða fyrir heildarmatið var þó ekki marktæk.

Aftur á móti þegar hver færniþáttur var skoðaður mátti finna marktækan mun á hópunum og hversu vel þau mátu sig *tala* íslensku, eða  $F(2, 75)=6,23$ ,  $p=0,014$ . Þau sem sögðust *lesa* oftar virtust almennt meta sig betur geta *talað* íslensku. Þar vekur athygli að mesti munurinn kom fram á mati á eigin færni í að *tala* íslensku í meðaltali hóps 1 (2,38) og hóps 3 (2,81) eða 0,43.

Í hnotskurn komu fram eftirfarandi tengsl á milli málnotkunar, lestrariðkunar og mats nemenda á íslenskufærni sinni: Þau sem *töluðu* íslensku heima virtust almennt meta íslenskufærni sína örlítið meiri þegar litið var á heildarmatið. Munurinn reyndist ómarktækur fyrir heildarmatið, en þegar hver færniþáttur var skoðaður fyrir sig kom fram marktækur munur á hversu vel nemendur sögðust *skilja* íslensku, þannig að þau sem notuðu íslensku heima mátu sig marktækt hærra en hin. Munurinn á hvaða tungumál nemendur sögðust aðallega *tala* í frímínútum og þess hversu vel þau sögðust *skilja*, *tala*, *lesa* og *skrifa* íslensku var ekki marktækur. Á það við hvort sem talað er um heildarmatið eða einstaka færniþætti. Munurinn á heildarmati þess hversu vel nemendur sögðust *skilja*, *lesa*, *tala* og *skrifa* íslensku eftir því á hvaða tungumáli þau sögðust aðallega *lesa* heima var ekki marktækur. Þegar hver færniþáttur var skoðaður fyrir sig kom fram marktækur munur á nemendum sem sögðust *lesa* á íslensku heima sem mátu færni sína í að *skrifa* á íslensku marktækt meiri en nemendur sem sögðust *lesa* á öðrum tungumálum heima. Nemendur mátu heildarfærni sína í öllum fjórum færniþáttum íslensku betur eftir því sem þau *lásu* oftar heima. Munurinn var aðeins marktækur undir færniþættinum að *tala*. Því oftar sem nemendur sögðust *lesa* heima þeim mun betur töldu þeir sig geta *talað* íslensku.

## Umræður

Markmið rannsóknarinnar voru að afla upplýsinga um hvernig fjöltyngdir nemendur í 6.–10. bekk Fellaskóla nota íslensku, ensku og móðurmál, hvernig þau meta færni sína í tungumálunum og hvort tengsl séu á milli málnotkunar og mats þeirra á íslenskufærni sinni. Hér er megináhersla sett á tengsl við íslenskufærni í ljósi þess að notkun tungumáls skólans er samofin öllu skólastarfi og algjör forsenda þess að nemendum gangi vel í námi (Grøver o.fl., 2019).

Hér verða niðurstöður ræddar í samhengi rannsóknarspurninga þannig að fyrst er umfjöllun um rannsóknarspurningar 1 og 2 sem eru um málnotkun heima og í skólanum og í heimalestri ásamt umfjöllun um rannsóknarspurningu 3 um mat nemenda á mikilvægi færni í tungumálunum. Í öðru lagi er fjallað um rannsóknarspurningu 4 um mat nemenda færni sinni í tungumálunum, það er að skilja, lesa, tala og skrifa hvert tungumálanna. Í þriðja lagi er fjallað um 5. rannsóknarspurninguna sem er um tengsl á milli málnotkunar og lestrariðkunar og mats nemenda á íslenskufærni sinni.

## Málnotkun í íslensku, ensku og móðurmáli og heimalestur

Í vinnu við þessa rannsókn kom skýrt fram hversu fjölbreytt málumhverfi fjöltyngdra nemenda í Fellaskóla er en þau sögðust mörg hver tala *tvö* til þrjú tungumál daglega, meðal annars á skólatíma. Fellaskóli er stoltur af uppruna nemenda sinna og verður að halda fast í það, en gera má betur þegar kemur að íslensku málumhverfi nemendanna.

Þátttakendur sögðust flest *tala* aðallega þrjú tungumál heima hjá sér, það er íslensku (22%), ensku (17%) og heimamálið, sem hjá stærsta hópnum var pólska (23%). Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að íslenska hafi verið megingtungumálið sem nemendur notuðu í kennslustundum en að þau hafi notað bæði íslensku og ensku í frímínútum, en ensku aðallega á netinu. Þetta bendir til þess að mörg þeirra lifi í tví- eða jafnvel þrítyngdu málumhverfi. Þó vissulega sé gagnlegt að kunna svo mörg tungumál þá verður að hafa í huga niðurstöður fjölmargra rannsókna sem hafa leitt í ljós að notkun nemenda á tveimur eða fleiri tungumálum getur orðið til þess að þau nái ekki að verja nægum tíma í tungumáli skólans til að ná góðum tókum á því (Elín Þöll Þórðardóttir, 2022; Oller o.fl., 2007). Færni í tungumáli skólans liggur síðan til grundvallar námsgengi á öllum sviðum og öllum skólastigum (Grøver o.fl., 2019; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Fellaskóli hefur haft það markmið að nemendur *tali* íslensku í skólanum og virðist það að einhverju leyti ganga vel, þá sérstaklega í kennslustundum. Þar segjast 90% þátttakenda tala einungis íslensku nema þegar annað á við. Svo virðist vera að tekist hafi að búa til öruggt umhverfi innan kennslustofunnar þannig að þar er íslenskan ríkjandi. Þó er verðugt rannsóknarefni að skoða þátttöku nemendanna í skólastarfinu, hvort þau *skilja* umfjöllun um viðfangsefni námsgreina, hvort þau ráða við lesefnið og hvort þau geta rætt um það sem þau takast á við í náminu og komið þekkingu sinni og skilningi til skila í rituðu máli (Lawrence o.fl., 2016). Málnotkun í skólanum verður að vera í samræmi við inntak námsins því annars á lítið nám sér stað. Ef nemendur *skilja* ekki námsefnið þá gefur augaleið að þau geta heldur ekki tjáð sig um það. Ljóst er að frekari rannsókna er þörf á málnotkun í íslensku skólastarfi, ekki aðeins í íslenskutímum heldur á öllum sviðum námsins.

Þó íslenska hafi verið megingtungumálið í kennslustundum virðist hafa verið erfiðara að fá nemendur til að *tala* íslensku í frímínútum en þá eru þau að jafnaði ekki undir eftirliti kennara. Þar sögðust 56% þátttakenda *tala* íslensku en 42% ensku. Hér ber að líta til rannsókna sem sýna að fjöltyngdir nemendur og jafnaldrar þeirra með íslensku sem móðurmál hafa reynst vera með sambærilega enskufærni (Elín Þöll Þórðardóttir, 2022), en fyrrnefndi hópurinn með mun minni íslenskufærni. Því getur verið að nemendur mætist á miðri leið í frímínútum og þess vegna *tali* þau ensku. Hugsanlega er enska notuð í meiri mæli í frímínútum í Fellaskóla en í öðrum skólum þar sem hlutfall fjöltyngdra nemenda er lægra. Áhugavert væri að kanna enskunotkun í frímínútum í skólum með ólíku hlutfalli nemenda af erlendum uppruna.

Hlutfall fjöltyngdra nemenda í Fellaskóla er rétt um 80% sem skapar skólanum ákveðna sérstöðu og áskoranir. Mikilvægt er að líta til niðurstaðna OECD (2015) sem sýna að ef hlutfall nemenda af erlendum uppruna er hærra en 25% í skóla, þá er frammistaða þessa hóps í PISA-könnunum marktækt lakari. Af þessu má sjá að löngu tímabært er að samfélagið opni augu sín fyrir því hvað það þýðir að nemendur með erlendan bakgrunn safnist saman í fáa skóla. Einnig er ljóst að íslenskukennsla í Fellaskóla, með svo háu hlutfalli fjöltyngdra nemenda, þarfnast sérstaks stuðnings fagfólks með góða þekkingu á öflugum skólustarfi sem leiðir til reglulegra framfara í námi þessa nemendahóps. Áriðandi virðist einnig að skapa umhverfi fyrir utan kennslustofuna þar sem nemendur velja að nota íslensku til að auka tíma nemenda í íslensku málumhverfi.

Misjafnt var hversu oft nemendur sögðust *lesa* heima á viku en langflest lásu að minnsta kosti einu sinni og tæpur helmingur nemenda fimm sinnum eða oftar á viku. Þó virðist heimalestur hafa verið minni eftir því sem nemendur voru eldri. Meirihluti allra þátttakenda sagðist *lesa* á íslensku en rúmlega þriðjungur sagðist *lesa* heima á ensku. Huga þarf að því að þessi þriðjungur sem les heima á ensku fær ekki þá grundvallarþjálfun í íslensku sem heimalestur ætti að færa þeim. Eins og Hoover og Gough (1990) bentu rækilega á um lestrarnám þá næst ekki góð lesfimi nema með tíðri þjálfun og ástundun lestrar. Þá hangir lesskilningur nemenda á lesfimi, en ef hún er slök liggur í augum uppi að nemendur geta ekki einbeitt sér að því efni sem þeir lesa um.

Mikill meirihluti nemenda sagðist aðallega lesa á ensku á netinu en mun færri á íslensku og móðurmálinu. Í rannsókn Hafdísar Ingvarsdóttur og Ásrúnar Jóhannsdóttur (2018) voru nemendur í 10. bekk grunnskóla hérlendis miklum tíma í ýmiss konar afþreyingu á ensku utan skóla og höfðu því verulegan áhuga á að ná tókum á ensku í þeim tilgangi. Miðað við niðurstöður þessarar rannsóknar leita nemendur í mun meiri mæli í enskt vefefni en efni á eigin móðurmáli eða íslensku. Því er ljóst að netið er ekki vettvangur þjálfunar í íslensku.

Flest nemendanna voru sammála því að mikilvægt væri að læra íslensku (85%) og ensku (82%) og móðurmálið (73%). Þó voru nokkur á þeirri skoðun að það væri ekki eða alls ekki mikilvægt að læra móðurmálið (15%) og gáfu flest þá ástæðu að þau byggju á Íslandi og því skipti móðurmálið litlu máli. Þessi forgangsröðun er í samræmi við niðurstöður Hermínu Gunnþórsdóttur og féлага (2018) þar sem foreldrar sögðust vilja leggja megináherslu á íslenskunám barna sinna umfram önnur tungumál. Samt sem áður töldu 6% þátttakenda í þessari rannsókn ekki mikilvægt að læra íslensku og tveir nemendur höfðu það viðhorf til enskunnar. Hér er verðugt rannsóknarefni í framtíðinni og hvernig viðhorf til tungumála kann að þróast með komandi kynslóðum.

## Mat nemenda á færni sinni í íslensku, ensku og móðurmálinu

Nemendur voru beðin um að meta færni sína í íslensku, ensku og móðurmálinu út frá fjórum færniþáttum; *skilja*, *lesa*, *tala* og *skrifa*. Ef fyrst er horft á mat nemenda á íslensku- og enskufærni sinni töldu langflest nemenda sig *skilja* (81%), *tala* (77%), *lesa* (73%) og *skrifa* (77%) ensku vel eða mjög vel, en lægra hlutfall taldi sig *skilja* (69%), *tala* (63%), *lesa* (69%) og *skrifa* (60%) íslensku vel eða mjög vel.

Hafa verður í huga að í þessari rannsókn voru nemendur beðin um að meta eigin færni í tungumálunum, en hún ekki prófuð. Ef horft er til niðurstaðna Elínar Þallar Þórðardóttur (2022), sem bar saman *mat* nemenda og *niðurstöður* prófanna, má að vissu marki áætla að mat nemenda á eigin færni í þessari rannsókn sé í þokkalegu samræmi við raunverulega getu þeirra í tungumálunum.

Mat nemenda í þessari rannsókn á eigin enskufærni var í góðu samræmi við rannsókn Hafdísar Ingvarsdóttur og Ásrúnar Jóhannsdóttur (2018) þar sem nemendur mátu sig með góða enskufærni og fannst enska létt tungumál, en fjöltyngdu nemendurnir í þessari rannsókn mátu enskufærni sína betri en færnina í íslensku.

Aftur á móti kom í ljós í rannsókn Elínar Þallar Þórðardóttur (2022) að enskufærni fjöltyngdra nemenda og nemenda með íslensku að móðurmáli var undir meðaltali þeirra sem eiga ensku að móðurmáli. Viðamiklar rannsóknir Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafdísar Ingvarsdóttur (2018) benda til að nemendur hér á landi ofmeti færni sína í ensku og það sé fyrst þegar komið er í háskólanám sem þau átti sig á að enskufærnin er ekki eins góð og þau töldu. Það er ekki óeðlilegt í ljósi þess að málnotkun í námi er miklu ríkulegri en málnotkun utan skóla (Rutherford-Quach og Hakuta, 2019; Uccelli, 2019) og í háskólanámi fara nemendur að jafnaði að lesa enska texta í mun meiri mæli en á fyrri skólástigum. Hugsanlega hafa þátttakendur í þessari rannsókn ofmetið enskufærni sína, eins og þátttakendur í rannsóknum Birnu og Hafdísar. Þó ber að geta að sterk fylgni mældist á milli niðurstaðna enskuprofa unglunga í rannsókn Elínar Þallar og eigin mats þeirra á enskufærni sinni. Því er ljóst að frekari rannsókna er þörf á enskufærni nemenda hérlendis.

Þegar horft er til niðurstaðna um móðurmál nemenda vekur athygli að meirihluti þeirra (81%) taldi sig *skilja* móðurmálið vel eða mjög vel en 49% sögðust *tala* móðurmálið vel eða mjög vel. Aðeins 31% sögðust geta *lesið* vel eða mjög vel á móðurmálinu og 23% sögðust *skrifa* á móðurmálinu vel eða mjög vel. Geta í lestri og skrift á móðurmálinu virðist því að mati þátttakenda minni en á ensku og íslensku. Í þeim tilvikum þar sem nemendur kváðust alls ekki geta *lesið* eða *skrifað* á móðurmálinu tiltóku sum að ástæðan væri að í móðurmálinu væri notað annars konar stafróf en í íslensku og ensku. Þá vakti athygli að auk heimalesturs fyrir skólann virtust nemendur jafnan *lesa* og *skrifa* á móðurmáli sínu í trúarlegum tilgangi.

Niðurstöður þessarar rannsóknar um íslenskufærni gefa til kynna að nokkuð stór hópur fjöltyngdu nemendanna sagðist hafa sæmilega færni eða alls enga færni í íslensku, en 31% sögðust *skilja*, 37% *tala*, 31% *lesa* og 40% *skrifa* íslensku sæmilega eða alls ekki. Þetta er um þriðjungur fjöltyngdu nemendanna. Þessar niðurstöður má bera saman við niðurstöður PISA-könnunarinnar sem lögð var fyrir nemendur í 10. bekk árið 2022, sama ár og gagnasöfnun fór fram í þessari rannsókn. Þar var hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem náðu ekki lágmarksviðmiðum í lesskilningi 63% (Menntamálastofnun, 2023; Sigríður Ólafsdóttir, 2023). Nemendur sem hafa svo slakan lesskilning eiga erfitt með að nýta sér lestur til þekkingaröflunar, sem heftir óhjákvæmilega námsframvindu þeirra (Guðmundur Bjarki Þorgrímsson, 2023). Því var mat þátttakendanna á íslenskufærni sinni í þessari rannsókn ekki alveg sambærilegt við niðurstöður PISA fyrir nemendur af erlendum uppruna í 10. bekk. Vaknar þá sá grunur að þátttakendur hafi ofmetið íslenskufærni sína að einhverju leyti, eins og enskufærni.

Ástæða ofmats eða óraunhæfs sjálfstrausts nemenda á íslenskufærni sinni í samanburði við niðurstöður PISA gæti legið í að þau hafi fengið of einhæf og létt verkefni í skólanum, jafnvel vegna þess að væntingar kennara um framfarir þeirra í íslensku hafi verið of litlar (Santoro, 2007; Stanovich, 2009). Áriðandi er því að rannsaka hvers konar verkefni fjöltyngdir nemendur fá í skólanum og skoða hvort nemendur fái raunsæja endurgjöf um námslega stöðu sína og framfarir (Hattie og Clarke, 2019).

Í rannsókn Elínar Þallar Þórðardóttur (2022) sýndu íslenskupróf að fjöltyngdu nemendurnir voru með mun minni íslenskufærni en hinn hópurinn og að fjöltyngdu þátttakendurnir töldu sig með svipaða færni í íslensku og móðurmálinu. Það eru nokkuð alvarlegar niðurstöður því þær benda til að þau hafi ekki nægilega færni í neinu þessara þriggja tungumála, hvorki í íslensku, ensku né í móðurmálinu, og þrátt fyrir að þau stundi nám á íslenskrí tungu.

## Tengsl á milli málnotkunar og heimalesturs og mats nemenda á íslenskufærni sinni

Rýnt var í tengsl á milli málnotkunar og lestrariðkunar fjöltyngdu nemendanna og mats þeirra á íslenskufærni sinni. Í ljós kom að nemendur sem sögðust *tala* íslensku heima mátu sig marktækt með meiri skilning í íslensku en hin. Þau sem sögðust *lesa* heima á íslensku töldu sig hafa marktækt betri færni í að *skrifa* á íslensku en hin sem *lásu* á ensku eða móðurmálinu. Því oftast sem nemendur sögðust *lesa* heima þeim mun betri færni sögðust þau hafa í að *tala* á íslensku. Þetta bendir skýrt til

Þess að ástundun á lestri og beitingu íslensku sé lykill að aukinni íslenskufærni. Þetta er í góðu samræmi við niðurstöður Leseman og féлага (2019), Proctor og Zhang-Wu (2019) og Rutherford-Quach og Hakuta (2019) sem allar sýna að færni í tungumáli skólans mótast fyrst og fremst af því í hversu miklum mæli tungumálið er notað og hversu virkir nemendurnir eru í náminu. Hér kom fram stígangandi í mati nemenda á íslenskufærni eftir því sem íslenska var meira notuð og einnig eftir því sem meira var *lesið* heima, óháð tungumáli. Hugsanlega nást marktæk tengsl á milli notkunar á íslensku og íslenskufærni fjöltyngdra nemenda á ýmsum aldri í stærra úrtaki, að minnsta kosti ef sama á við um nemendur hérlendis og víða í öðrum löndum (Grøver o.fl., 2019).

Þegar tengsl málnotkunar og mats nemenda á íslenskufærni sinni voru greind komu tveir meginveikleikar rannsóknarinnar í ljós. Annars vegar er stærð úrtaksins sem varð til þess að fjöldi í ákveðnum skilgreindum hópum er heldur rýr. Ekki kom fram marktækur munur milli hópa í sumum þáttum íslenskufærninnar og því verður erfitt að fullyrða um hópana annað en að um tilviljun geti verið að ræða og niðurstöður eigi ekki við um aðra en þátttakendur. Hins vegar byggist gagnasöfnun þessarar rannsóknar á tvískiptu mati sem fólst bæði í eigin mati nemenda og mati rannsakanda á þeim upplýsingum sem viðmælendur gáfu og skráðar voru eftir fyrirfram tilgreindum kostum á eyðublaðinu. Þótt reynt hafi verið eftir fremsta megni að beita sömu vinnubrögðum með hverjum nemanda getur það verið snúið. Eins er erfitt að treysta því að nemendur geti sagt til um raungetu sína í íslensku. Hér væri því gott að hafa einkunnir í íslensku, sérstaklega í lesskilningi og ritunarfærni, til samanburðar.

Styrkleikar rannsóknarinnar eru tvímælalaust að gagnasöfnunin byggðist á lista með spurningum sem voru mótaðar í samráði við skólastjórnendur Fellaskóla og sami aðstoðarkennarinn fyllti út fyrir hvern þátttakanda. Því var allt gert til að gögnum væri safnað á sem líkastan hátt hjá öllum og með þessu móti náðist að fá fram svör allra þátttakenda við öllum spurningunum. Það gerði líka alla úrvinnslu aðgengilega. Í síðari rannsóknum þyrfti að stækka úrtakið, skoða niðurstöður frá fleiri skólum og athuga hvort niðurstöður séu sambærilegar hjá fjöltyngdum nemendum og þeim sem hafa íslensku að móðurmáli.

Þegar horft er fram á veginn og litið til þess hvernig best megi styðja fjöltyngda nemendur við að ná góðum tókum á tungumáli skólans sýna umfangsmiklar rannsóknir að mikilvægt er að vinna með námstengdan orðaforða í lestri, umræðum og ritun (Auður Pálsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir, 2023; Snow, 2019; Uccelli, 2019). Þá er mikilvægt að rannsaka tengsl íslenskufærni og námsgengis fjöltyngdra nemenda við lok grunnskólans og setja í samhengi við brotthvarf þessa nemendahóps úr framhaldsskólum. Þetta er mikilvægt í ljósi svara fjöltyngdra þátttakenda í rannsókn Evu Daggar Sigurðardóttur (2024) sem mátu íslenskufærni sína slaka. Þau lýstu yfir áhyggjum af framtíð sinni og höfðu litlar væntingar um að þau næðu að komast í háskólanám. Þrátt fyrir það voru þau ekki með minni löngun til að ná háskólagráðu en fjöltyngdu þátttakendurnir sem mátu íslenskufærni sína góða.

Hvatinn að rannsókninni var að afla upplýsinga svo skipuleggja megi markvissari kennsluhætti og stuðning sem nemendum er veittur í skólanum til að þau nái að efla læsisfærni sína á íslenskri tungu. Það er á ábyrgð skólans og hlutverk hans að tryggja að öll börn og ungmenni taki reglulegum framförum í íslensku, að þau *skilji, tali, lesi* og *v* á íslensku með sífellt meiri færni eftir því sem á grunnskólagönguna líður. Helstu ályktanir dregnar af niðurstöðum þessarar rannsóknar eru tvenns konar. Annars vegar að auka þurfi heimalestur og að hann fari fram á íslensku. Hins vegar að mat fjöltyngdu nemendanna á íslenskufærni sinni er líklega ofmat. Því er áriðandi að virða rétt nemenda á raunsærri endurgjöf um stöðu sína og framfarir í náminu og skipuleggja kennsluna í ljósi þarfa hvers og eins.



## **Multilingual school children's use of Icelandic in daily life**

This research aims to collect information on how multilingual school children in Grades 6–10 use Icelandic, English, and home language, how they evaluate their skills in these languages, and to test relations between language use and reading habits with their estimated Icelandic language skills. The incentive is to enable teachers and school authorities to better organise the support and instruction that are provided to multilingual children. The research data includes individual interviews with 78 multilingual students in Fellaskóli Reykjavík in spring 2022. This group is 54% of all multilingual students in Grades 6–10 and approximately 43% of the total number of learners at this age in Fellaskóli.

In Iceland, the vast majority of children start preschool at two years of age, and even younger, where they spend eight to nine hours a day, five days a week. In pre- and compulsory school, Icelandic is the main language, whereas, outside school, English is increasingly being used by youth, mainly on the internet. An increasing number of learners speak a third language with their families. Thus, bilingualism is the norm in Iceland, and multilingualism is very common. Despite long school days, the evidence indicates that multilingual children do not learn much Icelandic during the pre-school years (Aneta Figlarska et al., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir et al., 2022; Sigríður Ólafsdóttir & Ástrós Þóra Valsdóttir, 2022). Therefore, they start compulsory school with weak Icelandic language proficiency. Over the next 10 years that follow, the gap between first-language Icelandic learners and multilingual learners tends to grow with each school year (Elín Þöll Þórðardóttir, 2021; Sigríður Ólafsdóttir et al., 2016). According to PISA 2022, 63% of immigrants in Iceland did not reach the minimum level of reading literacy. It is evident that Icelandic schools have to reconsider how they can support and teach multilingual youth and focus better on Icelandic language use. In compulsory school, students must read subject materials and discuss and write about the content, which will enable them to increase their understanding, talking, reading and writing in Icelandic (Hemphill et al., 2019; Lawrence et al., 2016). Thus, active and rich Icelandic language use that is interwoven with studies in all fields and at all school levels should result in regular progress in Icelandic language proficiency.

On the other hand, multilingual children develop skills in English and their home languages according to their use of these languages, inside and outside school, with friends and family and on the internet. Thus, the application of these languages is far from as rich as that in the Icelandic language. The strongest influencing factor on language skills and development is indeed how each language is used (Proctor & Zhang-Wu, 2019). Here, the focus is on the Icelandic language, a foundational social and learning instrument in school activities, which drives the academic progress of multilingual children in Icelandic schools (Sigríður Ólafsdóttir et al., 2016).

The language participants claimed to mainly use at home was Polish. Icelandic seems to be the dominant language in the classroom (90%), but this use drops during breaks. Approximately 45% of students use Icelandic on school breaks, and 44% use English. English seems to be the dominant language when reading information on the internet and communicating with peers on school breaks.

Just below half of the participants claimed they read at home five times per week or more and just above half of the participants claimed they read in Icelandic. Approximately 85% of students found it very important or important to learn Icelandic, 82% English, and 73% the home language. Most students said they understand (81%), speak (77%), read (73%) and write (77%) English well or very well. These proportions were lower for Icelandic, regarding understanding (69%), speaking (63%), reading (69%) and writing (60%).

Those students who spoke Icelandic at home assessed themselves with a significantly better understanding of Icelandic than the others. Those who read Icelandic at home assessed their proficiency in writing Icelandic higher than the others. The more often the students read Icelandic at home, the better they assess their proficiency in speaking Icelandic.

The implications of these research findings are twofold. First, it is important to increase reading at home and ensure that reading is in Icelandic. Second, the multilingual learner's self-assessment of their own proficiency in Icelandic is very likely an overestimation. Therefore, it is important to respect the right of multilingual learners to receive realistic feedback about their current situation and progress and organise the teaching around individual needs.

**Keywords:** literacy, language use, home reading, multilingual school children, school development, Icelandic as a second language

### Um höfunda

Auður Pálsdóttir, PhD, (audurp@hi.is), er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Meginrannsóknarsvið hennar eru samfélagsgreina- og náttúrugreinamenntun, þróun námsorðaforða, mat á skólastarfi, kennslufræði samfélags- og náttúrugreina, greining námsefnis og sjálfbærnimenntun.

Sigríður Ólafsdóttir, PhD, (sol@hi.is), er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Meginrannsóknarsvið hennar beinast að málþroska og læsi, þróun orðaforða, lesskilnings og ritunarfærni hjá ein-, tví- og fjöltyngdum nemendum.

Örn Þór Karlsson, MT, (ornthor1996@gmail.com), var aðstoðarkennari í Fellaskóla og starfar nú þar sem grunnskólakennari.

### About the authors

Auður Pálsdóttir, PhD (audurp@hi.is) is an associate professor at the University of Iceland's School of Education. Her main research interests include social science and science education, vocabulary development, school self-evaluation, science and social science teaching pedagogy, school textbook analysis, and sustainability education.

Sigríður Ólafsdóttir, PhD (sol@hi.is) is an associate professor at the School of Education, University of Iceland. Her main research interests include language development, literacy and vocabulary development, reading comprehension, and writing skills among monolingual, bilingual, and multilingual learners.

Örn Þór Karlsson, MT (ornthor1996@gmail.com) was an assistant teacher at Fellaskóli and is a compulsory school teacher in the same school.

## Heimildir

- Alavi, S. M. og Akbarian, I. (2008). Validating a self-assessment questionnaire on vocabulary knowledge. *Teaching English Language*, 2(2), 125–154. [https://www.teljournal.org/article\\_122667.html](https://www.teljournal.org/article_122667.html)
- Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði leikskólabarna sem eiga pólsku að móðurmáli: Einkenni málumhverfis tvítyngdra barna heima og í leikskóla. *Sérrit Netlu 2017 – Menntakvika 2017*. [https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika\\_2017/007.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf)

- Anna Guðrún Júlíusdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. (2004). Námsgagnavefurinn Katla. *Málfríður – STÍL*, 20(2), 20–22. <https://timarit.is/page/7360651#page/n19/mode/2up>
- Auður Pálsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. (2023). Íslenskur námsorðaforði. *Netla – Vefritmarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2023/9>
- Baldur Sigurðsson. (e.d.). *Hvað er lesi?* <http://lesvefurinn.hi.is/node/132>
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar). (2018). *Language development across the life span: The impact of english on education and work in Iceland*. Springer.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2021). Adolescent language outcomes in a complex trilingual context: When typical does not mean unproblematic. *Journal of Communication Disorders*, 89(1), 106060. <https://doi.org/10.1016/j.jcomdis.2020.106060>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2022). Áhrif ensku á málkunnáttu unglunga sem hafa lært íslensku sem fyrsta eða annað mál. *Milli mála*, 14(1), 89–111. <https://millimala.hi.is/wp-content/uploads/2022/12/2022-1-5.El-in-THoll-THordardottir.pdf>
- Eva Dögg Sigurðardóttir. (2024). Brothættir menntunarmöguleikar nemenda af erlendum uppruna við lok grunnskóla: Málamiðlun framtíðarvona. *Sérrit Netlu 2024 – Framhaldsskólinn – Menntastefna og félagslegt réttlæti*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2024.5>
- Grøver, V., Uccelli, P., Rowe, M. L. og Lieven, E. (ritstjórar). (2019). *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning*. Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Guðlaug Ólafsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen. (2012). Hvað má læra af farsælli reynslu þriggja grunnskóla af fjölmennigarlegu starfi? *Uppeldi og menntun*, 21(1), 28–49. <https://timarit.is/page/5690725#page/n27/mode/2up>
- Guðmundur Bjarki Þorgrímsson (ritstjóri). (2023). *PISA 2022: Helstu niðurstöður á Íslandi. Menntamálastofnun*. [https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2022\\_helsta\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2022_helsta_island.pdf)
- Hafdís Ingvarsdóttir og Ásrún Jóhannsdóttir. (2018). Learning and using english: The views of learners at the end of compulsory education. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Language development across the life span: The impact of english on education and work in Iceland* (bls. 79–94). Springer.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólástigi eftir bakgrunni 1995–2022*. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_\\_3\\_framhaldsskolastig\\_\\_1\\_fsProf/SKO03224.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__1_fsProf/SKO03224.px)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Grunnskólanemendur með erlent móðurmál 1997–2023*. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_\\_2\\_grunnskolestig\\_\\_0\\_gsNemendur/SKO02103.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__2_grunnskolestig__0_gsNemendur/SKO02103.px)
- Hagstofa Íslands. (2020, 14. apríl). *Nýnemar á framhaldsskólástigi sem eiga háskólamenntaða foreldra eru líklegri til að útskrifast*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nynemar-a-framhaldsskolastigi-sem-eiga-haskolamenntada-foreldra-eru-liklegri-til-ad-utskrifast/>
- Hattie, J. og Clarke, S. (2019). *Visible learning feedback*. Routledge.
- Hemphill, L. E., Kim, J. og Troyer, M. (2019). Improving struggling readers' literacy skills through talk about text. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 123–134). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Barillé og Markus Meckl. (2018). Diversity and multiculturalism in Icelandic schools: Parents' and teachers' voices. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (ritstjórar), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 180–200). Cambridge Scholars Publishing.
- Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Iris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítyngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. *Netla – Vefritmarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.8>
- Hoover, W. A. og Gough, P. B. (1990). The simple view of reading. *Reading and Writing: An Interdisciplinary Journal*, 2(2), 127–160. <https://doi.org/10.1007/BF00401799>

- Jóhanna T. Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2016). The predictive value of preschool language assessments on academic achievement: A 10-year longitudinal study of Icelandic children. *American Journal of Speech-Language Pathology*, 25(1), 67–79. [https://doi.org/10.1044/2015\\_AJSLP-14-0184](https://doi.org/10.1044/2015_AJSLP-14-0184)
- Lawrence, J. F., Francis, D., Paré-Blagoev, J. og Snow, C. E. (2016). The poor get richer: Heterogeneity in the efficacy of school-level intervention for academic language. *Journal of Cognitive Neuroscience*, 10(4), 767–793. <https://doi.org/10.1080/19345747.2016.1237596>
- Leseman, P. P. M., Henrichs, L. F., Blom, E. og Verhagen, J. (2019). Young monolingual and bilingual children's exposure to academic language as related to language development and school achievement: The DASH Project. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 205–217). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Martirosyan, N. M., Hwang, E. og Wanjohi, R. (2015). Impact of english proficiency on academic performance of international students. *Journal of International Studies*, 5(1), 60–71. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1052835.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2020). *Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leiðarvísir%20um%20studning%20við%20modurmal\\_islenska.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leiðarvísir%20um%20studning%20við%20modurmal_islenska.pdf)
- OECD. (2015). *Immigrant students at school: Easing the journey towards integration*. <https://doi.org/10.1787/9789264249509-en>
- OECD. (2019). *PISA 2018: Assessment and analytical framework*. <https://doi.org/10.1787/b25efab8-en>
- OECD. (2023). *Education at a glance 2023*. <https://doi.org/10.1787/e13bef63-en>
- Oller, D. K., Pearson, B. Z. og Cobo-Lewis, A. B. (2007). Profile effects in early bilingual language and literacy. *Applied Psycholinguistics*, 28(2), 191–230. <https://doi.org/10.1017/S0142716407070117>
- Papajoanu, O., Vonkova, H. og Stipek, J. (2021). Examining the difference in student self-assessment of their skills in English as a foreign language: A pilot study comparing male and female lower secondary students. Í N. Popov (ritstjóri), *Conference proceedings: New challenges to education: Lessons from around the world* (bls. 289–294). Bulgarian Comparative Education Society. <https://eric.ed.gov/?id=ED613945>
- Proctor, C. P. og Zhang-Wu, Q. (2019). Cross-linguistic relations among bilingual and biliterate learners. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 218–234). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Roessingh, H. og Douglas, S. (2013). Raising the lexical bar: The potential of teacher talk to support learning academic vocabulary. Í M. T. Cowart og G. Anderson (ritstjórar), *Teaching and leading in diverse schools* (bls. 99–124). Cahn Nam.
- Roessingh, H., Douglas, S. og Wojtalewicz, B. (2016). Lexical standards for expository writing at Grade 3: The transition from early literacy to academic literacy. *Language and Literacy*, 18(3), 123–144. <https://doi.org/10.20360/G2W59P>
- Rutherford-Quach, S. og Hakuta, K. (2019). Bilingualism as action. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 247–253). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Santoro, N. (2007). Outsiders and others: Different teachers teaching in culturally diverse classrooms. *Teachers and Teaching: Theory and Practice*, 13(1), 81–97. <https://doi.org/10.1080/13540600601106104>
- Sigríður Ólafsdóttir. (2015). *The development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/23061>
- Sigríður Ólafsdóttir. (2023). Af hverju er djúpur lesskilningur mikilvægur? Í Guðmundur Bjarki Þorgrímsson (ritstjóri), *PISA 2022: Helstu niðurstöður á Íslandi* (bls. 77–93). Menntamálastofnun. [https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2022\\_helsta\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2022_helsta_island.pdf)
- Sigríður Ólafsdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir. (2022). Málleg samskipti starfsmanna við börn með íslensku sem annað mál og börn með íslensku sem móðurmál. *Netla – Vefritmarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.1>

- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016). Íslenskur orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál: Áhrif aldurs við komuna til Íslands. *Sérít Netlu 2016 – Um læsi*. [http://netla.hi.is/serrit/2016/um\\_laesi/03\\_16\\_laesi.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf)
- Snow, C. E. (2019). So much progress, so much left to do. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 257–261). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Stanovich, K. E. (2009). Matthew effects in reading: Some consequences of individual differences in the acquisition of literacy. *Journal of Education*, 189(1-2), 23–55. <https://doi.org/10.1177/0022057409189001-204>
- Stjórnarráð Íslands. (2023, 27. september). *Education at a Glance 2023 – starfsnám lykill að aðlögun*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/09/27/Education-at-a-Glance-2023-starfsnam-lyk-ill-ad-adlogun/>
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Gísli Gylfason og Gylfi Zoega. (2022). *Iceland's natural experiment in education reform*. *CESifo working paper no. 9613*. <https://doi.org/10.2139/ssrn.4054118>
- Uccelli, P. (2019). Learning the language for school literacy: Research insights and a vision for a cross-linguistic research program. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 95–109). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Örn Þór Karlsson. (2022). *Notkun fjöltyngdra grunnskólanemenda á íslensku í daglegu lífi* [bakkalárritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/42470>



Auður Pálsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Örn Þór Karlsson. (2024). Málnotkun fjöltyngdra nemenda og tengsl við mat þeirra á eigin íslenskufærni. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.hi.is/greinar/2024/alm/11.pdf>  
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2024/11>